

Mál nr. 5/2013

Ár 2013, mánudaginn 25. nóvember var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 5/2013

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 8. apríl er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (X) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann Y við tíkina Z án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð eða gildar niðurstöður mjaðmamynda við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 10. maí 2013 og henni gefinn andmælafrestur til 7. júní. Siðanefnd hefur mótttekið svarbréf kærðu og sent afrit af því til kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Þar sem siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu hefðu komið fram í málinu þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var rakkinn Y paraður með tíkinni Z hinn 22. mars 2012. Hundarnir eru af kyninu Sankti Bernharðshundur og eru bæði rakki og tík í eigu kærðu. Við pörunina var rakkinn hvorki með gilt augnvottorð né gildar niðurstöður mjaðmamynda. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærða svaraði því til að pörunin hafi ekki verið skipulögð og hafi verið í hennar óþökk. Eftir pörunina hafi verið farið með rakkann í þau heilsufarspróf sem krafist er af tegundinni til ræktunar.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Sankti Bernharðshundur:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.11.1999)”. Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 1.11.1999). Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 22. mars 2012 var rakkinn ekki með gilt augnvottorð né gildar niðurstöður mjaðmamynda. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við

pörun hunda af kyninu Sankti Bernharðshundur skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 18 mánaða hjá undaneldishundum einnig skal undaneldishundurinn vera mjaðmamyndaður og niðurstöður kunnar fyrir pörun. Augnvottorð og mjaðmamyndir eru vottorð sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða hefur gefið þá skýringu að pörunin hafi ekki verið ásetningur heldur hafi hún verið í hennar óþökk. Rakkinn hafi verið mjög ungur og því ekki verið kominn með tilskilin heilsufarsvottorð. Hann hafi nú farið í tilskilin heilsufarspróf og staðist þau. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að hundurinn hafi staðist heilsufarspróf eftir. Reglan hljóðar á um að öll tilskilin vottorð liggi fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgenga sjúkdóma. Þá er það alfarið á ábyrgð eigenda að hundar parist ekki fyrir slysi. Við mat á viðurlögum skal þó litið til þess að kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt

f.h. siðanefndar

Guðríður Valgeirsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir